



Sumarstarf ÍTH

Starfsskýrsla – sumarið 2013 fyrir ÍTH nefnd og fjölskylduráð

Axel Guðmundsson, Geir Bjarnason
og Ragna Rut Magnúsdóttir tóku saman

September 2013



Inngangur

Markmið Vinnuskóla Hafnarfjarðar og sumarstarfsins er að tryggja börnum, unglingum og ungu fólki fjölbreytt sumarverkefni sem nær til sem flestra.

Meginþorri sumarstarfs Hafnarfjarðarbæjar er rekið af hendi Vinnuskólans. Starfsemin er afar fjölbreytt. Vinnuskólinn er fyrir 14 – 17 ára unglinga, sumarvinna fyrir eldri ungmenni, skólagarðar fyrir börn á aldrinum 7-12 ára, Tómskund fyrir 4.-7. bekk, sumarvinna fyrir ungmenni 18 ára og eldri sem vinna t.d. hjá Íþróttafélögum og stofnunum bæjarins auk leikjanámskeiða fyrir börn 6 – 12 ára. Garðyrkjustjórnin í Hafnarfirði er einnig með öflugt sumarstarf en hann sér um að ráða fólk til starfa við sláttur-, blóma- og viðhaldsflokka.

Á fjárhagsáætlun ársins var gert ráð um 155 milljónum til reksturins.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar var starfræktur á tímabilinu 20. maí – um 20. ágúst þetta árið. Skrifstofa Vinnuskóla er að Hrauntungu 5. Þar starfa skólastjóri auk fimm annarra starfsmanna sem sjá um daglegan rekstur, samskipti við leiðbeinendur, unglinga í Vinnuskóla, starfsmenn, foreldra og börn á leikjanámskeiðum og skólagörðum. Í höfuðstöðvunum að Hrauntungu er aðstaða fyrir starfsmenn til að borða og sinna skrifstofuvinnu auk þess eru þar verkfærageymslur. Leikjanámskeið og Tómskund hafa svo aðsetur út í skólunum með mis mikilli aðstöðu.



Ráðningar og undirbúningur starfsfólks

Störf flokkstjóra, og leiðbeinenda við Vinnuskóla og önnur sumarstörf voru auglýst samhliða öðrum sumarstörfum hjá bænum og opnað var fyrir umsóknir þann 20. mars. Umsóknarfrestur var til 12. apríl og skilyrði fyrir ráðningu var að umsækjandi væri búsettur í Hafnarfirði. Eftir 12. apríl hófst vinna við úrvinnslu umsókna. Kröfur voru gerðar varðandi aldur og hæfni sem starfsfólk þyrfti að uppfylla. Flestir starfsmenn hófu síðan störf í byrjun júnímánaðar. Fyrsta vikan er einkum notuð í undirbúning og fræðslu fyrir starfsfólk. Meðal þess sem tekið var fyrir var skyndihjálp, umhverfis- og forvarnafræðsla, samskipti við börn og unglinga, verkstjórn fyrir unga stjórnendur, verkleg kennsla,

hópefli, líkamsbeiting og fleira. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk mæti á námskeiðin enda eru þau hluti af starfinu. Eldri og reyndari starfsmenn sækja námskeiðin með reglulegu millibili svo að tryggt sé að þekking og færni séu sem best. Rúmlega 400 sumarstarfsmenn eldri en 17 ára voru við störf hjá Vinnuskólanum og skólagörðunum, en um 700 umsóknir bárust og um 300 umsækjendur fengu ekki vinnu. Þeir starfsmenn sinntu stöðu yfirleiðbeinenda.

Í vetur samþykkti íþróttta – og tómstundanevnd nýjar ráðningareglur sem unnið var út frá við ráðningar í sumar.

Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2013

1. Öll sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verði auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fari í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi sendir eina umsókn sem verður á vef Hafnarfjarðarbæjar og Þjónustuveri en getur á umsókninni valið um fleiri en eitt starf og óskað eftir að vinna ákveðin tímabil.
2. Sumarstörfin verði auglýst eigi síðar en 20. mars og tekið verði við umsóknum frá 20. mars til 12. apríl árið 2013.
3. Ekki verði tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.
4. Ráðningartími í flest störfin er um 7 vikur fyrir 18 ára og eldri eða um 200 klst. en um 6 vikur fyrir 17 ára og starfar sá hópur samtals í um 125 klst.
5. Forgangshópur vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumaravinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verði til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða Garðyrkjustjóra) við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og Garðyrkjustjórans ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verði virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gætt verði jafnræðis við ráðningar sumarstarfsmanna, t.d. hvað varðar kyn.

Umsóknarferli unglunga

Tekið var við umsóknum í maí. Eftir þann tíma var þó áfram tekið við skráningu í Vinnuskólann og hófu þeir sem skráðu sig eftir auglýstan umsóknarfrest síðar störf en þeir sem sóttu um á réttum tíma. Ekki hefur tíðkast að vísa unglingum frá Vinnuskóla þó svo að komið sé fram yfir umsóknarfrest en mikil áhersla er lögð á að virða umsóknarfrest í kynningu á sumarstörfum. Vinnuskólinn hefur ekki sett á umsóknarblöð þá sérhópa sem hægt er að sækja um t.d listahóp, fjölmiðlahóp eða Competó en ætlar sér að gera það á næsta ári, þetta er gert til að allir hafi jöfn tækifæri til umsóknar um þau störf sem í boði eru.

Hlutfall og fjöldi unglunga og annarra starfsmanna

Unglingum við störf í Vinnuskólanum fjölgaði nokkuð á milli ára. Sumarið 2012 voru 836 unglingar að störfum en í ár voru þeir 851 eins og áður segir. Fjölgunin er um það bil 2,5%.

Tafla 1 – Fjöldi unglunga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2013

Árgangur	Fjöldi	Í skólum Hafnarfjarðar
1999	297	403
1998	310	366
1997	244	398
	851	1011

Tafla 2 – Hlutfall nemenda í Vinnuskóla Hafnarfjarðar sumarið 2013, 2012 og 2011

2013	Allir	Ung í VH	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	403	297	0,74
9. bekkur	366	310	0,85
10. bekkur	398	244	0,61

2012	Allir	Ung í VH	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	403	293	0,72
9. bekkur	382	304	0,79
10. bekkur	349	239	0,68

2011	Allir	Ung í VH	Hlutfall (%) unglunga
8. bekkur	382	285	0,74
9. bekkur	363	277	0,76
10. bekkur	363	253	0,69

Tafla 3 - Fjöldi eldri starfsmanna

Árgangur	Fjöldi
1996	150
1995	35
1994	46
1993	41
1992+	107
	379

Hlutfall drengja og stúlkna

Heldur fleiri drengir en stúlkur voru við störf hjá Vinnuskólanum sumarið 2013. Drengjum við störf í Vinnuskólanum hefur fjölgað nokkuð hlutfallslega undanfarin ár. Af þessu má draga þá ályktun að stúlkur eiga auðveldara með að fá launaða sumarvinnu annars staðar en hjá Vinnuskólanum.

Tafla 4 – Hlutfall stúlkna og drengja í Vinnuskóla

Bekkur	Stelpur	Strákar
8. bekkur	52%	48%
9. bekkur	48%	52%
10. bekkur	47%	53%
17 ára	47%	53%

Vinnustundir og laun unglinga

Vinnutími unglinga tók breytingum í sumar. Hann var þannig að allir á aldrinum 1997-1999 fengu 72 tíma. Sem er skerðing frá síðustu árum. Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig þessu er háttað en eins og í Reykjavík þá hefur 8. bekkurinn þar misst tækifæri til að vinna í Vinnuskóla. Hinsvegar eru unglingarnir að taka sér frí og því vinnur meðalunglingurinn ekki allan þann tíma sem honum stendur til boða. Laun hafa hækkað í Hafnarfirði milli ára rétt eins og almenn laun.

Tafla 5 – Unnar vinnustundir og tekjumöguleikar unglinga árin 2012 og 2013

Unnar vinnustundir á árinu 2012	Meðal unnar vinnustundir	Heildartímafjöldi	Laun
16 ára	88,52	105	512,41
15 ára	84,73	105	385,43
14 ára	60,34	72	341,08

Unnar vinnustundir á árinu 2013	Meðal unnar vinnustundir	Heildartímafjöldi	Laun
16 ára	59,87	72	529,06
15 ára	60,15	72	397,96
14 ára	57,88	72	352,17

Skipulag vinnunnar var þannig háttað að unglingar á aldrinum 14 til 16 ára unnu allir þrjá tíma á dag fjóra daga vikunnar. Til skiptis frá kl 9:00 – 12:00 og svo 13:00 – 16:00. Vinnustundir voru því samtals 12 á viku í sex vikur.

Nokkuð stór hluti af elstu árgöngunum störfuðu hjá þriðja aðila (íþróttafélögum og stofnunum eins og t.d. leikskólum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar en þess gætt að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir 72 klukkustundir hjá unglíngunum sem og öðrum, auk þess var tryggt að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við lög og reglur um vinnu barna og unglínga. Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:30 og 9:40 fyrir hádegi og 14:00 og 14:10 eftir hádegi.

Laun í vinnuskólum í nágrannasveitarfélögum eru mjög svipuð og hér í Hafnarfirði en sveitarfélög ákveða einhliða tímakaup unglínga. Almenn er tímakaup svipað en nokkuð getur munað í framboði á vinnu eftir sveitarfélögum. Það hefur síðan áhrif á tekjumöguleika unglínga.

Tekjumöguleikar unglínga í Vinnuskóla Hafnarfjarðar 2013 –

Laun unglínga hækkuðu frá því í fyrra en höfðu áður staðið í stað frá árinu 2008. Á sama tímabili hefur eins og áður segir mögulegur hámarks vinnustundafjöldi lækkað nokkuð sem gerir það að verkum að tekjumöguleikar unglínga hafa dregist saman.

16 ára unglíngar voru með 529,06 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn tæplega 41.000 kr.

15 ára unglíngar voru með 397,96 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn tæplega 31.000 kr.

14 ára unglíngar voru með 352,17 kr. á tímann og orlof þar ofan á. Miðað við fulla mætingu þá getur hann unnið sér inn um 27.000 kr.

Almennir vinnuhópar

Hefðbundnir vinnuhópar með unglingum voru 37 talsins. Hóparnir voru í öllum hverfum og að venju voru unglingarnir skipaðir í hópa í sínu skólahverfi með sínum skólafélögum. Flokkstjórnarnir sem héldu utan um þessa hópa voru 21 en flokkstjórnar í almennum vinnuhópum voru allir með 2 hópa, einn sem kom fyrir hádegi og annar sem mætti eftir hádegi. Tveir yfirflokkstjórnar skiptu hópunum með sér eftir hverfum, Davíð Jónsson og Eva Dröfn Ólafsdóttir. Vinnutímabil almennu vinnuhópanna stóð yfir í sex vikur eða frá 11. júní til 19. júlí.



Almennt séð gekk mjög vel með hópana. Hver hópur vann á ákveðnu svæði og sinntu öllum þeim atriðum sem þurfti að sinna innan svæðisins. Hóparnir unnu mikið af hefðbundinni garðyrkju - og hreinsunarstöfum. Unglingarnir voru t.d. í beðahreinsun, sanda beð, tyrfa, mála leiktæki og einnig í ruslahreinsun.

Flokkstjórnar leiðbeindu unglingum við verkin og héldu utan um þau verkefni sem fyrir lágu. Yfirflokkstjórnar höfðu eftirlit og tryggðu að ávallt væri næg verkefni til staðar fyrir flokkana. Eins og ávallt var farið yfir verkefni dagsins og næstu daga á daglegum fundum í lok vinnudags sem forstöðumaður, yfirflokkstjórnar sátu ásamt Birni B. Hilmarssyni garðyrkjustjóra og Guðjóni Sverrissyni verkstjóra Umhverfiseildar.

Fjármálafræðsla

Í sumar bauð Vinnuskólinn uppá fjármálafræðslu fyrir starfsmenn sem fæddir voru árið 1997 (10. bekkur). Jón Ragnar Jónsson hagfræðingur og tónlistamaður sá um fræðsluna sem mældist vel fyrir. Þetta er eitthvað sem ekki hefur verið gert áður. Jafnvel hægt að aldurskipta fræðsluna þannig að hver árgangur sækir ýmis námskeið. Vinnuskólinn mun huga að þessum þætti í auknum mæli næstu ár.



Morgunhópur

Þegar ljóst var að allir 17 ára unglingar myndu fá vinnu hjá Vinnuskólanum var ákveðið að gera tvo stóra morgunhópa. Þeim var skipt í tímabil frá 10. júní til 8. júlí og svo frá 9. júlí til 6. ágúst. Þetta fyrirkomulag gekk að mörgu leyti vel en það voru samt sumir sem ekki skiluðu sér til vinnu í seinni hópnum, 9. júlí en stór hluti af þeim fékk vinnu annarstaðar.

Morgunhópurinn starfar aðeins í miðbænum og í Hellisgerði. Morgunhópurinn sá m.a. um ruslahreinsun, tæma ruslafötur og halda við helstu beðum miðbæjarins. Þessi hópur er ómissandi og sérstaklega greinilegur munur á því hvort hann er á störfum eða ekki. Það mætti vel skoða það fyrir næsta sumar að hafa hann starfandi líka á laugardögum þar sem mikið rusl safnast saman í miðbænum um helgar.

Skólagarðar Hafnarfjarðar

Skólagarðarnir eru á fimm stöðum í bænum, Víðistaðatúni, Setbergi, Öldutúni og á Holtinu. Starfsemi skólagarðana byrjaði 3. júní og var uppskerudagurinn þann 16. ágúst. Uppskerudagurinn mætti þó alveg vera seinna því að kartöflurnar hefðu mátt fá aðeins lengri tíma í ár.

Aðsókn í skólagarðana var að meðaltali um 40 börn á hverjum garði. Víðistöðum var aðeins helmingur garðsins nýttur og eins í Setberginu en þar var mjög lítil nýting, u.þ.b. 30% garðsins. Það var svipuð þátttaka í Öldutúninu og á Holtinu en þar sem að garðarnir eru minni þá voru garðarnir ekki eins tómlegir.

Skólagarðarnir á Völlunum tókust ekki sem skyldi enda er þetta fyrsta árið, það hefði mátt nýta þetta sumar í að undirbúa þessa garða fyrir næsta sumar, því að jarðvegurinn þarf að aðlagast. .

Uppskeran í skólagörðunum var ekki góð þetta árið og má kenna veðurfari sumarsins um það. Það var allt mun seinna á ferðinni en vanalega og var t.d. ekkert blómkál tilbúið á uppskerudaginn (16. ágúst). Uppskeran var mjög svipuð í skólagörðunum í Garðabæ og Kópavogi.

Í ár var pantað grænmeti frá nýjum aðilum og var mikill munur á grænmetinu og ekki til hins betra. Plöntunar ekki alveg tilbúna og hefðu þurft að vera lengur í gróðurhúsi.

Það þarf að finna leiðir til þess að auka aðsóknina í skólagörðunum og það væri t.d. ráð að fara í alla grunnskólana næsta vor og kynna skólagarðana. Einnig mætti skoða það að skipta um nokkrar grænmetistegundir í skólagörðunum en það hafa verið sömu tegundir ræktaðar í mjög langan tíma.

Leikjanámskeið

Leikjanámskeið voru starfrækt í sjö frístundaheimilum í grunnskólum bæjarins. Námskeiðin voru í sumar mönnum að miklu leiti með starfsfólki frístundaheimila og einnig með starfsfólki úr vinnuskólanum. Verkefnastjórar frístundaheimilanna sáu um námskeiðið á hverjum stað í samráði við stjórnendur Vinnuskólans

Mikil áhersla er lögð á útiveru og hreyfingu, og er sérstaklega lagt upp með að kenna gömlu góðu leikina. Það heyrir undir algjöra undantekningu ef leikjanámskeiðin eru innandyra. Allt starfið miðast við að vera úti.

Námskeiðin byrja ávalt að krafti þar sem skráning er mest í byrjun sumars svo dregur töluvert úr aðra vikuna í júlí kemur en svo kemur alltaf smá fjöldi síðustu vikuna í júlí.

Dagskrá er að einhverju leiti miðlæg en mest unnin af hverjum stað fyrir sig, mikið kapp var hjá starfsfólki að gera dagskrána eins góða og spennandi og mögulegt var. Ekki var hægt að fara í margar

dagsferðir sem þurfti til rútur vegna fjármagns. Ferðir voru þá mest bara í nánasta umhverfi. Farið var í sund, Heiðmörk og tekið strætó í Nauthólsvík. Einnig voru fastir liðir haldnir, t.d Dorgveiðikeppnin, íþróttamót milli staða og fleira. Það var reyndar mikil kostur í sumar að skólarnir gátu lánað okkur strætókort sem við notuðum mikið í sumar.

Tafla 6 - Aðsókn á Leikjanámskeið

Leikjanámskeið	fyrir hádegi	eftir hádegi	Fjöldi
Áslandsskóli	67	63	130
Hraunvallaskóli	119	129	248
Hvaleyrarskóli	67	50	117
Lækjaskóli	97	87	184
Setbergsskóli	102	110	212
Víðistaðaskóli	207	208	415
Öldutúnsskóli	50	55	105
Miðlægt námskeið	71	74	145
Sérnámskeið	22	20	42
Samtals	802	796	1598

Þann 8. júlí voru svo námskeiðin sameinuð úr sjö í þrjú. Ástæðan er sú að það er alltaf mikil fækkun á börnum á þessum tíma og einnig var það stefnan í sumar að starfsfólk fristundaheimila færi í sumarfrí í júlí. Þessi samruni gekk ágætlega, það var reyndar töluverð fækkun á börnum og líklega sú mesta í mörg ár. Við teljum stærstu ástæðuna hafa verið mikil hækkun á verði frá síðasta ári. En auðvitað eru líka aðrir þættir sem blandast inn í t.d veður og fleiri námskeið sem eru í boði á sumrin. Í ágúst vorum við svo með námskeið fyrir útskriftahópa leikskóla. Þetta starf hefur gengið vel til að brúa bilið eftir sumarfrí leikskólana og þangað til skóli hefst. Skráning var virkilega góð og var nánast fullt á öllum stöðum. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að læra á nýjan stað. Farið er í heimsókn til skólastjórnenda, fengið að kynna skólanum, farið í gönguferðir um hverfið og margt fleira.

Tafla 7 - Aðsókn á 6 ára námskeið í ágúst eftir skólum

6 ára námskeið	fyrir hádegi	eftir hádegi	allan daginn	fjöldi
Áslandsskóli	2	6	29	37
Engidalsskóli	3	1	9	13
Hraunvallaskóli	11	9	29	49
Hvaleyrarskóli	5	4	17	26
Lækjaskóli	6	6	18	30
Setbergsskóli	2	6	20	28
Víðistaðaskóli	4	11	12	27
Öldutúnsskóli	7	4	25	36
Samtals	40	47	159	246

Tómstundaklúbburinn

Tómstundaklúbburinn er nýtt úrræði sem byrjaði í sumar og var fyrir börn á aldrinum 9-13 ára með sérþarfir. Klúbburinn var rekinn samhliða leikjanámskeiðinu í Setbergi. Ástæðan fyrir því að það var farið í þetta verkefni var að það var vöntun á úrræði fyrir þennan hóp. Markmiðið var að bjóða uppá fjölbreytt og skemmtilegt námskeið sem innihélt óformlegt nám þar sem unnið var að því að styrkja þau félagslega og í samskiptum. Skráning náði ekki þeim hæðum sem við áttum von á en að meðaltali voru 5-6 skráðir á viku og var mikil meirihluti strákar. Við teljum að hluti af ástæðunni fyrir því að skráningin var svona sé sú að mikið af þeim krökkum sem áttu svo sannarlega heima í Tómsundaklúbbnum voru frekar skráð í Tómsund sem er mikið ódýrara úrræði. Næsta vor er mikilvægt að vera í góðum samskiptum við foreldra þessara barna og ná að kynna fyrir þeim verkefnið snemma að vori.

Tómsund

Tómsund var með aðstöðu í Setrinu í Setbergsskóla eins og síðasta sumar. Í ár var Tómsund í boði fyrir alla krakka í Hafnarfirði fædd á árunum 2000-2003. Rétt eins og í fyrra var krökkum skipt í tvo hópa, en yngri krakkarnir (fæddir 2002-2003) voru fyrir hádegi milli 9-12 en eldri krakkarnir (fæddir 2000-2001) voru eftir hádegi milli 13-16.

Eins og í fyrra kostaði aðeins 4000 krónur í Tómsund. Það er mjög gott verð fyrir góða þjónustu. Einhverjir foreldrar héldu jafnvel að verið væri að tala um að hver vika kostaði 4000 krónur.

Í ár voru 381 krakkar skráðir hjá okkur, 120 fæddir '00-'01 og 261 fæddir '00-'01 þessar tölur eru birtar með fyrirvara þar sem fleiri gátu hafa skráð sig í gegnum íbúðargátt sem skiluðu sér svo ekki. En þetta segir okkur að fjölgun frá síðasta ári í Tómsund er um 76% sem er gríðarlega mikil fjölgun eftir góða kynningu starfsmanna Tómsundar á starfinu í vor.

Starfið var í 6 vikur rétt eins og í fyrra, en námskeiðið hófst þann 11. júní og lauk því 19. júlí. Í hverri viku voru alltaf þrjú eða fjögur námskeið í boði fyrir hvern hóp.

Starfsmenn Tómsundar leggja til fyrir næsta ár verði lög áhersla á að fá stærra rými fyrir Tómsund þar sem algjört plássleysi var í byrjun sumars, einhverjir urðu að borða nestið sitt á gólfunum og erfitt að koma öllum inn þegar stærstu námskeiðin voru. Einnig er hugmynd að Tómsund verði með starf á tveimur til þremur stöðum í júní þegar mest er að gera. Þá væri hálfgerð útibú frá „aðal“ Tómsund í fleiri skólahverfum til að létta undir álaginu sem var gríðarlegt í upphafi sumars.

Hér kemur skipting krakkana eftir skólum og ef ætti að fara eftir henni væri skynsamlegt að hafa þessi útibú í Víðistaðaskóla og Hraunvallaskóla. En þetta er mál sem þarf að skoða með hliðsjón að fjárhagsáætlun.

Tafla 8 - Aðsókn í Tómsund eftir skólum

Skóli	Fædd '00 - '01	Fædd '02- '03	Alls
Áslandsskóli	5	23	28
Hraunvallaskóli	20	34	54
Hvaleyaskóli	12	20	32
Lækjarskóli	33	12	45
Setbergsskóli	27	32	59

Víðistaðaskóli	17	60	77
Öldutúnsskóli	14	49	63
Aðrir og ekki vitað	14	7	21
Samtals	128	230	

Þjónustusamningar við Íþróttafélög

Ákveðið var að fara út í það að gera þjónustusamninga við öll félög sem fá úthlutað starfsmönnum á vegum Vinnuskólans. Ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin var sú að við viljum að allir starfsmenn á vegum Vinnuskólans séu á sömu línu með t.d skyldu til námskeiða fyrir starfsfólk, tryggingamál, tímakvóta og svo framvegis. Einnig er mjög jákvæð þróun að hafa alla þessa samninga upp á borðinu.

Ákvörðun um tímamagn til íþróttafélaga er endurskoðuð á hverju ári með hliðsjónar til fjárhagsáætlunar.

Í sumar var öllum félögum kynntur þessi þjónustusamningur og var unnið út frá honum, ekki náðist að láta alla undirrita samninginn. Það er verkefni sem þarf að fara í snemma næsta vor þegar búið er að ákveða tímafjölda til íþróttafélaga.



Í sumar var öllum félögum kynntur þessi þjónustusamningur og var unnið út frá honum, ekki náðist að láta alla undirrita samninginn. Það er verkefni sem þarf að fara í snemma næsta vor þegar búið er að ákveða tímafjölda til íþróttafélaga.

Gæsluvöllur í Setbergi

Líkt og í fyrra var gæsluvöllurinn á lóð leikskólans Hlíðarbergs í Setbergi. Opið var frá kl 08:30 – 12:00 og 13:00 – 16:30. Klippikort var hægt að kaupa í gegnum „mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is bæði var hægt að kaupa 5 skipta og 10 skipta kort. Aðsókn á völinn var mjög góð og oftast full nýttur. Aðstaðan var til fyrirmyndar og var gott að geta notað tvær leikskólalóðir og þannig skipt hópnum upp. Gæsluvöllurinn var opinn frá 8.júlí – 2.ágúst.

Tafla 9 - Aðsókn á gæsluvöll 2013

Aðsókn á gæsluvöll 2013		
Námskeið	Fjöldi	
Róló 5 skipta kort		78
Róló 10 skipta kort		77

Litli Róló

Í sumar var litli róló, leikvöllur fyrir ung börn á Hansareit eins og undanfarinn ár. Litli Róló var opinn á fimmtudögum og föstudögum frá kl 10:00 – 16:00 og svo á góðviðrisdögum. Það má með sanni segja að rólóinn sé vel nýttur og þá sérstaklega á góðviðrisdögum. Á litla róló voru barnahús, bílar og önnur leikföng og leiktæki. Listahópur Vinnuskólans kom einstaka sinnum og skemmti á litla róló. Það sem þarf að huga að fyrir næsta ár er aðstaða til að geyma húsin og leiktækin í miðbænum.

Fjölmiðlahópur

Eftir nokkra ára hlé var tekinn ákvörðun um að halda úti fjölmiðlahópi í sumar. Hann hafði góða aðstöðu í Félagsmiðstöðinni Músík og Mótor, þar voru allar græjur til staðar, frábær myndavél og góð tölva þar sem hægt var að klippa til efnið. Hópurinn var með það markmið að senda frá sér einn til tvo fréttabætti í viku á facebook síðu Hafnarfjarðarbæjar um spennandi hluti sem gerast eða tengjast Hafnarfirði.

Í hópnum voru 12 unglingar úr 9. og 10. bekk sem var skipt í tvo hópa fyrir og eftir hádegi.

Competó – Jafningjafræðsla

Competó – Jafningjafræðslan er verkefni á vegum Vinnuskólans sem byrjaði aftur í sumar eftir tveggja ára hlé. Í jafningjafræðslunni starfa tíu ungmenni á aldrinum 16 – 19 ára við að fræða starfsmenn Vinnuskólans á aldrinum 14-16 ára um ýmis málafni Aðal umræðuefni hópsins í sumar var skaðsemi eineltis og fordómar. Markmið hópsins var að sýna krökkunum hversu alvarlegt einelti og fordómar geta verið og reyna að breyta hugsunarhætti þeirra gagnvart því, og stuðla að jákvæðum og góðum samskiptum.

Til þess að starfsmenn sem vinna í jafningjafræðslunni séu tilbúiní að fræða aðra eru þau vel undirbúinir og fara á meðal annars í fræðslu hjá Jerico, samtökunum 78, jafnréttishúsi og hjá forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðar. Einnig fóru þau í vettfangsferð í Hitt húsið til að hitta Jafningjafræðsluna í Reykjavík. Þessi reynsla gerði þau tilbúin til þess að taka á móti öðrum krökkum í fræðslu.

Í heildina gekk verkefnið mjög vel og náðu þau að taka 39 hópa í fræðslu.

Listahópur

Sumarið gekk með eindæmum vel hjá Listahópnum í sumar. Voru með frábæra aðstöðu í Menntasetrinu við Lækinn. Stærstu verkefni hópsins voru meðal annars að taka þátt í hátíðarhöldum á 17. júní þar sem þau voru með sirkusatriði. Settu upp leiksýninguna Pógólógóland sem var sýnd fyrir öll leikjanámskeið og nokkra leikskóla bæjarins. Einnig var hópurinn í því að taka á móti

skemmtiferðaskipum, vera lifandi í miðbænum og fleira. Í hópnum voru 16 manns og þar af fimm sem voru 17 ára. Flokkstjórar hópsins mæla með því að halda áfram þeirri þróun að hafa 17 ára krakka inn í hópnum. Flokkstjórar hópsins voru Ásta Júlía leikari og Birna Rún leiklistanemi.

Ferðamálahópur

Var samstarfsverkefni ferðamálafulltrúa og Vinnuskólans. Þetta verkefni var í gangi fyrir nokkrum árum og var endurvakið í sumar. Það má segja að það hafi farið brösuglega af stað, flokkstjórinn var ráðinn inn af ferðamálafulltrúa og var óvissa hver ætti að stýra verkefnum hópsins. Eftir að tekið var á málum hópsins lagaðist staðan en það er klárt mál að hægt er að standa betur að þessum hóp. Verkefni hópsins eru að kynna Hafnarfjörð ferðamönnum í miðbæ Reykjavíkur. Starfsmenn hópsins voru merkt Hafnarfirði, áttu að vera sýnileg, spjalla við ferðamenn og dreifa bæklingum.

Verkherinn

Nú í sumar var í annað sinn starfrækt atvinnutengt frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 16- 20 ára á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Húsinu í Setberginu. Starfið gekk undir nafninu „Verkherinn“. Markmið starfsins var tvíþætt en annars vegar fengu ungmennin tækifæri til þess að spreyta sig við hin ýmsu störf með þeim stuðningi sem hver og einn þarfnaðist og hins vegar að efla og ýta undir félagsleg tengsl þeirra á milli og út í samfélagið.

Ungmennin mættu til starfa hjá sjö fyrirtækjum hér í Hafnarfirði; Bónus, dreifingamiðstöð Íslandspósts, skógræktinni, Hafnarfjarðarbæ, leikskólanum Hliðarenda, Hópbílum, Fjarðarkaup, Bókasafn fyrir hádegi ásamt leiðbeinanda sem var þeim innan handar og aðstoðaði eftir þörfum. Eftir hádegi var boðið upp á frístundir þar sem leitast var við að kynna ungmennin fyrir þeirri menningu sem tengist aldri þeirra. Ungmennin tóku virkan þátt í því að skipuleggja frístundastarfið en það spannaði allt frá skipulögðum vettvangsferðum að sólbaðsferðum í sundlaugar bæjarins það er að segja þegar sólin lét sjá sig.

Sjö starfsmenn voru í 100% starfi við verkefnið í sumar, tveir þroskaþjálfar og fimm stuðningsfulltrúar. 19 einstaklingar nýttu sér þessa þjónustu í sumar þó í mismunandi langan tíma. Hver og einn vann í sex vikur og þá þrjá tíma á dag þannig að þau unnu svipað tímamagn og jafnaldrar þeirra í Vinnuskólanum.

Skjólstæðingar Fjölskylduþjónustu

Ákveðið var að bjóða skjólstæðingum Fjölskylduþjónustunar sem eru á svokölluðum skólstyrk á veturnar upp á tímabundna sumarvinnu. Um var að ræða þá sem ekki fengu sumarvinnu annarstaðar. Þessir aðilar eru á fjárhagsstuðningi hjá bænum og var talið ráðlegt að bjóða þeim upp á vinnu frekar en hafa þá heima við með sambærilegar tekjur. Verkefnið gekk heilt yfir vel, einhverjir skiluðu sér þó ekki í vinnu og voru félagsráðgjafar látnir vita af því. Stærsti hlutinn stóð sig aftur á móti mjög vel og voru einstaklingar sem svo sannarlega vildu koma sér í vinnu. Það er mikilvægt að fyrir næsta sumar sé verkefnið unnið fyrr og hægt þá að undirbúa það enn betur í samstarfi við félagsráðgjafa

Sumarhátíð Vinnuskólans

Sumarhátíðin var haldin á Hörðuvöllum fimmtudaginn 4. júlí. Á Sumarhátíðina mæta allir sem tengjast sumarstarfinu t.d. almennir vinnuhópar, leikjanámskeið, íþróttafélög, flokkstjórar og sérhópar. Fengin var Hafnfirski hljómsveitina White Signal til að spila og voru listahópur, Competó og Tólmstund öll með atriði á hátíðinni. Þá voru skotbakkarnir sem notaðir hafa verið á 17. júní settir upp á túninu. Ákveðið var að hafa ekki svið heldur hafa atriðin á túninu. Grillaðar voru pulsar ofan í mannskapinn og fóru allir glaðir heim.



Aðkoma Vinnuskólans að móttöku skemmtiferðaskipa

Vinnuskólinn kom í sumar, líkt og fyrri sumur, að móttöku skemmtiferðaskipa sem komu til Hafnarfjarðar. Skemmtiferðaskipum fjölgaði á milli ára og alls kom Vinnuskólinn að móttöku níu skemmtiferðaskipa nú í sumar. Starfsmenn Vinnuskólans söfnuðu fjölda hraunmola sem pakkaðir voru inn í strigapoka. Upplýsingamiðar á fjölmörgum tungumálum var svo festur við pokana. Allir farþegar fengu þennan mola að gjöf og stór hluti áhafnanna einnig. Listahópurinn tók á móti farþegum með dans- og leiksýningum á hafnarbakkanum sem farþegar voru ánægðir með. Samvinna og samstarf Vinnuskólans við Hafnarfjarðarhöfn hefur verið með miklum ágætum og gengu móttökunnar vel. Að sögn Más Sveinbjörnssonar hafnarstjóra, hjálpar þátttaka Vinnuskólans verulega við að draga þau til landsins.

17. júní

Aðkoma Vinnuskólans að framkvæmd og skipulagi 17. júní er töluverð. Í framkvæmdanefnd 17. júní sitja þrjú yfirmenn frá Vinnuskólanum forstöðumaður og tveir yfirflokkstjórar. Helstu verkefni eru starfsmannahald og undirbúningur á uppsetningu hátíðar og lokunum í bænum

Til framtíðar

Ráðningasamningar

Skoða þarf óskir Launadeildar og starfsmannastjóra varðandi ráðningasamninga. Yfirflokkstjórar og flokkstjórar þurfa að gera ráðningasamning til að tryggja að réttindi þeirra sé tryggð. Vinnuskóli stefnir að því að hefja undirbúning að þessu í samráði við launadeild.

Mannauðsstjóri VH

Um 1000 börn eru að starfa í Vinnuskólanum á einn eða annan hátt. Upp koma allskonar mál sem bæði starfsmenn og börnin lenda í vandræðum með að leysa. Erfitt er að nálgast sérfræðipjónustu bæjarins á sumrin vegna sumarleyfa. Því teljum við að VH þurfi að hafa nokkurskonar ráðgjafa eða sérfræðing til að aðstoða þegar upp koma erfið mál sem ekki tengjast venjulegum rekstri Vinnuskólans.

Félagslíf nemenda og starfsmanna er afar mikilvægt. Eftir því sem vinna nemenda dregst saman því meiri frítíma eiga þeir án þess að eitthvað xsé í boði fyrir þennan hóp á sumrin enda félagsmiðstöðvar lokaðar. Starfsmenn þurfa einnig að lyfta sér og fá ráðgjöf við sín störf. Hér vantar aðila til að standa fyrir atburðum sem tengjast þessum hópum og eflir þá og styrkir.

Foreldrar vilja vita meir um börnin sín og verkefni þeirra. Vinnuskólinn vill einnig senda foreldrum meiri upplýsingar um viðfangsefni og vinnu barnanna á sumrin. Nauðsynlegt er að hafa einhvern sem stýrir og leiðbeinir í þróun þessa verkefnis.

Vinnuskólinn sinnir einnig fræðsluhlutverki og vilji er að auka þann hlut. Í gegnum Vinnuskólann fá nemendur tekjur og nauðsynlegt er að fræða þau um laun og launaseðla svo eitthvað sé nefnt.

Af þessu samanlögðu er æskilegt að ráð til starfa nokkurskonar Mannauðstjóra og þróa þessi viðfangsefni áfram.

Sumarvinna fyrir skjólstæðinga Fjölskylduþjónustu

Festa þarf í sessi sumarvinnuúrræði fyrir skjólstæðinga félagsþjónustunnar sem fá skólastyrk á veturna. Um yrði að ræða þá sem ekki fá sumarvinnu annarstaðar. Okkur finnst áðlegt að bjóða þeim upp á vinnu frekar en hafa þá heimavið með sambærilegar tekjur. Flest í þessum hópi fá um 75 þúsund krónur í styrk á mánuði. Það er dýrara fyrir Hafnarfjarðarbæ að hafa þau á launaskrá því að greiða þarf launatengd gjöld og annað og því bætist um 25% ofan á hverja greidda krónu.

Okkur finnst mikilvægt að fyrir næsta sumar sé undirbúningur verkefnisins unnin í upphafi árs og hægt þá að undirbúa í samstarfi við félagsráðgjafa. Mælt er með því að stofnaður yrði starfshópur skipaður félagsráðgjafa, skólastjóra vinnuskóla og fulltrúa af skrifstofu ÍTH.

Verkfærageymslur

Vegna mikillar rýrnunar verkfæra á sumrin meðan á starfseminni stendur þarf að íhuga leiðir til að sporna gegn því. Hafnarfjarðabær á nóg húsnæði sem ekki er í notkun á sumrin s.s. skóla. Þar væri hægt að fá rými til að geyma verkfæri og hafa aðstöðu fyrir starfsmenn Vinnuskólans sem vinna úti hverfum til að borða nesti og komast á salerni. Ekki má gleyma því að Vinnuskóli sinnir viðhaldi á skólalóðum og eru því hóparnir oft við skólanna.

Sumarvinna í Hafnarfirði á einni hendi

Mælt er með því að Hafnarfjarðarbær reki einn Vinnuskóla á sumrinn en ekki tvo sem heyra annars vegar undir fjölskyldusvið og svo annan sem heyrir undir Umhverfi og framkvæmdir. Mikilvægt er að þeir sem sækja um sumarvinnu hjá bænum sækja um á einum stað og í boði séu sömu launakjör. Nú er tími til að stokka þessi mál upp í samvinnu beggja sviða. Fagleg stjórnun vinnuskóla Fjölskyldusviðs og vinnuskóla Umhverfis og framkvæmda er í dag án efa í höndum Garðyrkjustjóra. Mælt er með því að stofnaður verði starfshópur um sameingu annars vegar hópa sem heyra undir Umhverfis og framkvæmdir og svo hópa sem heyra undir Vinnuskóla.

Leikjanámskeið

Frístundaheimili hafa nú tekið yfir að mestu leikjanámskeið sumarsins. Fjárhagsleg ábyrgð liggur enn hjá Vinnuskóla og því leita verkefnastjórar til Vinnuskólans vegna útgjalda og ákvarðanna þessara námskeiða. Því þarf að festa í sessi að námskeiðin verði rekin af hendi skrifstofu ÍTH og að fjárhagur og dagleg verkefni verði aðskilin Vinnuskóla.

Skólagarðar

Klára þarf á næsta ári að koma garðinum á Völlunum í endanlegt horf. Aðsókn í garðanna hefur minnkað. Hugmyndir hafa verið ræddar um að breyta fyrirkomulagi okkar þannig að garðarnir verði ekki eingöngu fyrir takmarkaðan aldur (7-12) ára heldur að fjölskyldur, eldri borgara, leikskólar og aðrir sem hafa áhuga á matjurtaækt fái tækifæri á að sækja um pláss. Mælt er með því að búnaður verði til hugmyndir til að búa til framtíðarplani sem hefur það að markmiði að fylla garðanna af fólki og hleypa fleirum að.

Tómstund

Stækka þarf aðstöðu Tómsundar og færa út kvíarnar. Mælt er með því að á einum stað séu höfuðstöðvar og útibú á tveim öðrum. Þannig förum við nær krökkunum, þau fá svigrúm til að nýta sér námskeiðin til fullnustu og álagið dreifist. Hækka má námskeiðsgjald.

Vinnustundir unglunga

Mikilvægt er að fjölga vinnustundum eldri unglunga. Auka þarf við vinnu nemenda í 9. bekk úr 72 í 95, fyrir krakkana í 10. bekk úr 72 í 120 og fyrir 17 ára úr 120 tímum í 150. Ungu fólkið þarf að hafa verðug verkefni á sumrin en aðgerðaleysi er versti óvinur heilbrigðs lífennis. Að sama skapi þarf að auka við vinnumagn flokkstjóra.

Miða okkur meira að starfi nágrannasveitafélaga og taka upp það sem gert er vel þar.

Lokaorð

Sumarstarfið gekk afar vel árið 2013 að mati stjórnenda. Mörg ný verkefni fóru af stað og önnur þróuðust til betri vegar. Við megum alls ekki hætta á miðri leið og verðum að fá tækifæri til að þróa og bæta verkefni Vinnuskólans. Heimsókn okkar til nágrannasveitarfélaga sýnir að Vinnuskóli okkar getur tekið miklum framförum. En forgangsverkefni ársins 2014 verður að vera aukið vinnumagn handa eldri unglungum

Hafnarfirði 10/9 2013.

Axel Guðmundsson skólastjóri Vinnuskólans

Geir Bjarnason starfandi æskulýðsfulltrúi

Ragna Rut Magnúsdóttir rekstrar – og skrifstofustjóri ÍTH og Vinnuskólans